



Viðhorf heimamanna í Mýrdalshreppi gagnvart aukinni ferðamennsku á svæðinu

Guðmundur Sæmundson og Haraldur Freyr Róbertsson



**Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2020**

Viðhorf heimamanna í Mýrdalshreppi gagnvart aukinni ferðamennsku á svæðinu

Guðmundur Sæmundsson og Haraldur Freyr Róbertsson

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Íris Hrund Halldórsdóttir

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, maí 2020

Viðhorf heimamanna í Mýrdalshreppi gagnvart aukinni ferðamennsku á svæðinu
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2020 Guðmundur Sæmundsson og Haraldur Freyr Róbertsson
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:

Guðmundur Sæmundsson og Haraldur Freyr Róbertsson, 2020, „*Viðhorf heimamanna í Mýrdalshreppi gagnvart aukinni ferðamennsku á svæðinu*“: , BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 35 bls.

Reykjavík, maí 2020

Útdráttur

Atvinnulíf í sveitum landsins hefur átt erfitt uppdráttar á síðustu áratugum, meðal annars vegna tækniframfara tengdum aukinni sjálfvirkni í landbúnaði. Sú þróun hefur leitt til þess að hefðbundum landbúnaðarstörfum hefur fækkað mikið og mörg af dreifbýlissvæðum landsins hafa átt erfitt með að aðlaga atvinnulíf sitt að breyttum tímum. Mýrdalshreppur er eitt af þeim svæðum en á árum áður einkenndi landbúnaður og þjónusta við hann atvinnulíf hreppsins. Í kringum aldamótin var atvinnuástand á svæðinu slæmt og íbúum fækkaði hratt, þá sérstaklega yngri kynslóðinni. Nú á síðustu árum hefur orðið þar mikil breyting en tveir atburðir urðu til þess að ferðamennska á svæðinu fór að blómstra. Fyrri atburðurinn var fjármálahrunið árið 2008 en þá hrapaði verðgildi krónunnar og varð því mun ódýrara fyrir erlenda ferðamenn að koma til landsins. Seinni atburðurinn var eldgosíð í Eyjafjallajökli en það reyndist vera mjög góð landkynning fyrir Ísland. Koma ferðamanna til svæðisins margfaldaðist í kjölfarið og hafa undanfarin ár komið yfir milljón ferðamenn þangað á ári hverju. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf heimamanna í Mýrdalssveit gagnvart þeirri þróun sem hefur verið á ferðamennsku á svæðinu á árunum 2010-2019. Niðurstöðurnar leiddu í ljós yfirgnæfandi ánægju yfir þróun mála á svæðinu. Allir viðmælendur töluðu um mikilvægi ferðaþjónustu fyrir svæðið og að aukin koma ferðamanna hafi snúið atvinnulífi sveitarfélagsins úr vörn í sókn. Þó að viðmælendur töldu að það væru einhverjir hlutir sem mættu betur fara þá voru þeir allir smávægilegir og létu viðmælendur þá lítið fara í taugarnar á sér.

Abstract

The economy of rural areas in Iceland has been going through difficult times in recent decades, partly because of increasing automation in agriculture. This has led to loss of traditional jobs in agriculture and many of the rural areas in Iceland have had a hard time adapting to the changes. Mýrdalshreppur is one of those areas; in the 20th century agriculture was the main driving force of the economy in the region. By the end of the 20th century the region saw a huge drop in jobs related to agriculture and the number of inhabitants dropped quickly, especially in the younger population. In recent years the area has had a rise in population almost exclusively because of an increase in tourism to the area, which was mostly driven by two major factors. Firstly the 2008 banking crisis which dropped the value of the Icelandic currency making Iceland a more affordable destination. Secondly the volcanic eruption in Eyjafjallajökull in 2010 which turned out to be a great promotion for the Icelandic nature. Nowadays Mýrdalshreppur hosts over a million tourist each year. The main goal of the research was to understand how the growth in tourism in the area has affected the locals. The results indicated that the locals were very happy about how the tourism sector has developed in the area. The participants all said that the increase in tourism to the region has transformed the economy for the better. There were a few things mentioned that could be better regarding the tourism sector but they were all minor and the participants didn't let those things bother them.

Efnisyfirlit

Myndir.....	vi
Þakkir.....	vii
1 Inngangur	1
2 Fræðileg umfjöllun	3
2.1 Ferðamennska í sveitum	3
2.2 Áhrif ferðamennsku á samfélög	3
2.3 Viðhorf heimamanna og lífsgæði.....	5
3 Mýrdalshreppur	7
3.1 Mýrdalshreppur í gegnum árin.....	7
3.2 Ferðaðjónusta í Mýrdalshreppi	9
3.3 Rannsóknir á ferðamennsku í Vík og nágrenni	11
4 Aðferðafræði.....	13
4.1 Eigindlegar rannsóknir	13
4.2 Val á viðmælendum	13
4.3 Framkvæmd viðtala.....	14
4.4 Vinnsla viðtala	14
5 Niðurstöður.....	17
5.1 Atvinnumöguleikar	17
5.2 Innviðir	19
5.2.1 Íbúðarhúsnæði.....	19
5.2.2 Hið opinbera	20
5.3 Þjónusta og afþreying.....	21
5.4 Umhverfis- og öryggismál.....	22
5.4.1 Umhverfismál	22
5.4.2 Öryggismál	23
5.5 Samfélagið	24
6 Umræður	27
6.1 Viðhorf heimamanna.....	27
6.2 Félagsleg áhrif.....	28
6.3 Menningarleg áhrif.....	28
6.4 Efnahagsleg áhrif	29
6.5 Umhverfisleg áhrif	30
7 Lokaorð.....	31
Heimildir	33
Viðauki A	35

Myndir

Mynd 1: Vík um það bil árið 1977.	8
Mynd 2: Vík árið 2019.	8
Mynd 3: Heildarfjöldi íbúa í Mýrdalshreppi og fjöldi erlendra ríkisborgara í Mýrdalshreppi 1998-2020.	9
Mynd 4: Bærinn Götur (t.v.) og hús til útleigu fyrir ferðamenn (t.h.).....	10
Mynd 5: Hótel Kría (t.v.) og íbúðarhúsnæði sem var byggt undir starfsfólk hótelsins (t.h.).	11

Þakkir

Við viljum þakka Írisi Hrund Halldórsdóttir, leiðbeinandanum okkar, fyrir þá aðstoð sem hún veitti okkar við gerð þessa verkefnis. Einnig viljum við þakka Magnúsi Kristjánssyni fyrir hans vinnu við að aðstoða okkur við val á viðmælendum og viðmælendunum sjálfum fyrir að gefa sér tíma til að ræða við okkur. Að lokum viljum við þakka Sigurði Hermannssyni fyrir yfirlestur á ritgerðinni.

1 Inngangur

Aukinn straumur ferðamanna til Íslands síðastliðinn áratug hefur breytt íslensku þjóðfélagi á margan hátt. Ferðaþjónustan hefur á stuttum tíma orðið að stærstu og mikilvægustu atvinnugrein landsins og þá sérstaklega á mörgum stöðum á Suðurlandi. Einn af þessum stöðum er Vík í Mýrdal og í raun Mýrdalshreppurinn allur. Góð staðsetning Mýrdalshrepps og falleg náttúra svæðisins gerir það að verkum að stór hluti þeirra ferðamanna sem koma til Íslands eiga þar viðkomu, hvort sem það er til að skoða Reynisfjöru og Dyrhólaey eða einfaldlega keyra í gegnum sveitarfélagið á leið sinni austur.

Áhrifum ferðamennsku er gjarnan skipt í fernt: þau geta verið efnahagsleg, menningarleg, félagsleg og umhverfisleg (Kim, Uysal & Sirgy, 2013). Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf Mýrdælinga til ferðamennsku á svæðinu og hvaða áhrif hún hefur á líf þeirra. Í því ljósi er sett fram eftirfarandi rannsóknarspurning:

- Hvernig upplifa heimamenn í Mýrdalshreppi þá þróun sem hefur verið á ferðamennsku á svæðinu?

Til að svara þessari spurningu var gerð eigindleg rannsókn þar sem tekin voru sex hálfstöðluð viðtöl við einstaklinga sem höfðu búsetu í Mýrdalshreppi. Lagt var upp með að viðmælendur hefðu búið á svæðinu í það minnsta síðustu tíu ár, en það var ákveðið vegna þess að á því tímabili hafa átt sér stað miklar breytingar tengdar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Þessari ritgerð er skipt upp í sjö kafla að meðtöldum inngangi. Í kaflanum á eftir inngangi er fjallað um þá fræðilegu þekkingu sem viðfangsefni þessarar ritgerðar byggir á og er honum skipt upp í þrjá undirkafla. Fyrsti undirkaflinn fjallar um þróun ferðamennsku á dreifbýlum svæðum, annar undirkaflinn fjallar um þau áhrif sem ferðamennska hefur á samfélög og sá þriðji fjallar viðhorf og lífsgæði heimamanna. Þriðji kafli þessarar ritgerðar er einnig þrískiptur og fjallar hann um sögu Mýrdalshrepps frá aldamótum nítjándu og tuttugustu aldar, um ferðaþjónustu á staðnum og um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á ferðamennsku í Mýrdalshreppi í gegnum árin.. Í fjórða kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við gerð rannsóknarinnar, þ.e.a.s. hvaða rannsóknarsnið var notað til gagnaöflunar og hvernig úrvinnslu gagna var háttáð. Í fimmta kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og skiptist hann í fimm undirkafla. Þar er meðal annars talað um atvinnumöguleika á svæðinu, innviðauppbýggingu, þjónustu og afþreyingu, umhverfis- og öryggismál og breytingar á samfélaginu. Í sjötta kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar skoðaðar út frá fræðilegu samhengi. Sjöundi og síðasti kaflinn er lokaorð þar sem rannsóknin er dregin saman, takmarkanir hennar ræddar og settar fram tillögur að frekari rannsóknum á viðfangsefninu út frá niðurstöðum verkefnisins.

2 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla er fræðilegt yfirlit yfir þau áhrif sem ferðamennska og ferðaþjónusta getur haft á samfélög. Kaflanum er skipt í þrennt og er í fyrstu fjallað um þróun ferðamennsku á dreifbýlum svæðum, því næst er fjallað um áhrif ferðamennsku á samfélög og að lokum um áhrif ferðamennsku á viðhorf og lífsgæði heimamanna.

2.1 Ferðamennska í sveitum

Dreifbýli og sveitir hafa löngum treyst á landbúnað sem sinn helsta efnahagslega ábata en eftir þær breytingar sem orðið hafa síðustu áratugi þar sem vægi landbúnaðar hefur minnkað mikið á mörgum svæðum hafa þessi svæði þurft að grípa til annara ráða. Þar hefur ferðaþjónustan komið sterk inn, en hún hefur verið ein algengasta leiðin fyrir samfélög og einstaklinga til að halda sér gangandi á breyttum tímum. Margir ferðamenn leitast eftir að komast út í náttúruna og á dreifbýlli svæði, komast frá borgum og yfirfullum ferðamannastöðum. Sérstaða svæða laðar að ferðamenn og er mikilvægt fyrir ferðaþjónustuaðila á litlum svæðum að vinna saman svo upplifun ferðamanna sé sem best (Wilson, Fesenmaier, Fesenmaier & Van Es, 2001). Frumkvöðlastarf er einkar mikilvægt í þróun ferðaþjónustu í dreifbýlum vegna þess að oft þarf nýjar og ferskar hugmyndir til að skapa ný atvinnutækifæri.

Á mörgum svæðum í Evrópu hafa dreifbýl samfélög verið hvött til þess að koma sér inn í ferðaþjónustu til þess að sporna við þeim erfiðleikum sem hafa orðið í hefðbundnum landbúnaðarstörfum sem áður voru mjög mikilvæg fyrir svæðin (Su, 2011). Ekki er þó hægt að setja öll dreifbýl samfélög undir einn hatt enda eru erfiðleikar þeirra mismunandi eftir efnahag, samsetningu íbúa og innviðum. Taka verður fyrir hvert svæði fyrir sig og meta þörf samfélagsins þegar kemur að ferðaþjónustu (Sharpley, 2011).

2.2 Áhrif ferðamennsku á samfélög

Þegar samfélag verður að vinsælum áfangastað ferðamanna hefur það áhrif á fólkið sem þar býr (Jurowski, Uysal & Williams, 1997). Áhrif ferðaþjónustu á samfélög geta komið fram á ýmsa vegu en þeim er gjarnan skipt í fernt: efnahagsleg, menningarleg, umhverfisleg og félagsleg (Kim, Uysal & Sirgy, 2013). Áhrif ferðamennsku á efnahag eru í flestum tilfellum talin vera jákvæð en líklegra er að menningar-, umhverfis- og félagsleg áhrif ferðamennsku geti verið neikvæð fyrir samfélög (Tosun, 2002). Aukin ferðamennska getur breytt daglegu lífi heimamanna, félagslífi og gildum þeirra ásamt almennu viðhorfi (Andereck, Valentine, Knopf & Vogt, 2005).

Hagræn áhrif ferðamennsku á samfélög koma meðal annars fram í auknum fjárfestingum á svæðinu, ásamt meiri atvinnumöguleikum og fleiri arðbærum fyrirtækjum. Jafnframt hefur fólk meira á milli handanna, skatttekjur aukast og lífskjör almennings aukast. Meðal neikvæðra efnahagslegra áhrifa sem aukinn ferðamannastraumur getur haft í för með sér er hærra verð á vörum og þjónustu sem gerir það að verkum að dýrara verður að lifa á svæðinu (Andereck o.fl., 2005).

Félags- og menningarleg áhrif ferðamennsku geta verið flókin og það er oft erfitt að mæla þau áhrif (Tosun, 2002). Siðir og venjur, breyting á daglegu lífi, trú og gildum eru dæmi um einkenni sem geta breyst í fari heimamanna með aukinni ferðamennsku. Þegar áfangastaður verður að vinsælum ferðamannastað leiðir það oft á tíðum til þess að fólk í nærliggjandi samfélögum leitar þangað vegna aukinna atvinnumöguleika og getur það haft áhrif á líf þeirra sem þar búa fyrir (Andereck, 2005). Neikvæð félags- og menningarleg áhrif sem ferðamennska getur haft í för með sér eru hærra glæpatíðni, átök milli hópa, mikil fjölgun fólks, ásamt því að siðir og venjur geta tekið breytingum. Áhrifin eru þó ekki aðeins neikvæð því rannsóknir hafa sýnt að ferðamennska getur haft í för með sér aukna og fjölbreyttari menningu, til dæmis með sögu- og menningarsýningum og auknu skemmtanahaldi (Andereck o.fl., 2005).

Umhverfisáhrif af ferðamennsku hafa á sér nokkuð neikvæðan stimpil (Tosun, 2002). Afleiðingar aukins fjölda ferðamanna á umhverfi áfangastaðar geta verið mjög slæm, sérstaklega þar sem viðkvæma náttúru er að finna. Það er oft á tíðum tilhneiging yfirvalda að farið sé í ýmsa uppbyggingu með ferðamennsku að leiðarljósi án þess að tillit sé tekið til náttúru og umhverfis. Þannig geta fallegar náttúruperlur sem eru ástæða aukins ferðamannastraums farið illa vegna aukins umgangs og þannig getur ferðaðþjónustan grafið undan sjálfri sér. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á jákvæð umhverfisáhrif af ferðamennsku líkt og aukna afþreyingu úti í náttúrunni, fleiri almenningsgarða, betri ásýnd samfélagsins ásamt aukinni umhverfisvernd (Andereck o.fl., 2005).

Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa beina tengingu við ferðamennsku og græða beint á henni, t.d. þeir sem eiga ferðaðþjónustufyrirtæki eða vinna fyrir slíkt eru líklegri til að vera jákvæðir gagnvart henni og styðja uppgang ferðaðþjónustu (Tosun, 2002). Samband heimamanna og ferðamanna er lykilatriði í ferðaðþjónustu, en það getur haft áhrif á hvernig upplifun ferðamanna er á áfangastað. Einnig getur samband þeirra haft mikið að segja um hvort heimamenn séu almennt jákvæðir eða neikvæðir gagnvart komu ferðamanna. Ferðaðþjónusta er fyrst og fremst félagslegt fyrirbæri þar sem fólk ferðast til nýrra staða, oft ólíkum sínum heimkynnum, dvelja þar tímabundið og eiga í samskiptum við heimamenn og aðra ferðamenn (Sharpley, 2014).

Áreitisskali Doxey hefur verið notaður til þess að mæla það samstuð sem verður á milli heimamanna og ferðamanna á ferðamannastaðum. Skalinn hefur fjögur stig en þau eru ánægja, áhugaleysi, gremja og óvild (Doxey, 1975). Annað módel sem mikið hefur verið notað til að kanna áhrif ferðamanna á samfélög er lífsferilskúrva Butlers. Lífsferill Butlers sýnir hvernig ferðamannastaðir breytast með tímanum með meiri aðsókn ferðamanna og hvaða stig staðurinn fer í gegnum þar til kemur að annað hvort hnignun eða endurnýjun hans. Þar sem straumur ferðamanna eykst hratt á stuttum tíma veldur það miklum breytingum á staðnum og þarf að passa sig að halda í við aukninguna með uppbyggingu og

aðlögun (Butler, 1980). Líkan Butlers hefur þó verið nokkuð gagnrýnt síðan það var fyrst gefið út fyrir að vera of einfalt og að það eigi ekki við alla ferðamannastaði.

2.3 Viðhorf heimamanna og lífsgæði

Undirstöðuatriði þess að ferðamennska þróist á heilbrigðan hátt er gott samband á milli ferðamanna, heimamanna, ferðaþjónustufyrirtækja og áfangastaðar. Ferðaþjónustan er ein af þeim atvinnugreinum sem hefur hvað mestu áhrifin á samfélög og umhverfi staða. Þessi áhrif geta bæði verið jákvæð eða neikvæð. Efnahagslegur ávinningur af ferðaþjónustu er gjarnan mikill en henni geta þó fylgt ýmsir árekstrar við hlutaðeigendur. Þar má helst nefna umhverfið og heimamenn sem þurfa að aðlagast breyttum lífsskilyrðum (Sharpley, 2014).

Viðhorf heimamanna til ferðamennsku er líklegra til vera jákvætt séu þeir upplýstir og meðvitaðir um þá skipulagningu sem á sér stað þegar samfélag er að breytast í vinsælan áfangastað ferðamanna. Það er því mikilvægt fyrir aðila tengda ferðaþjónustu að hafa samráð við íbúa og kanna viðhorf þeirra, því þegar heimamenn eru jákvæðir gagnvart ferðamönnum hefur það góð áhrif á ímynd staðarins (WTO, 2004).

Áhrif ferðamennsku og viðhorf heimamanna gagnvart henni hafa sterka tengingu við hugtakið lífsgæði. Þegar staður verður að ferðamannastað hefur það áhrif á almenn lífsgæði heimamanna, ekki síður en viðhorf þeirra til ferðaþjónustunnar. Í gegnum tíðina hefur skilgreiningin á hugtakinu verið svolítið út um allt þar sem fræðimenn hafa ekki getað komið sér saman um hver hún í raun og veru er (Uysal, Sirgy, Woo & Kim, 2016).

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á lífsgæðum einstaklinga í gegnum árin. Tekið hefur verið saman hvaða atriði það eru sem einstaklingar meta lífsgæði sína út frá. Þessi atriði eru meðal annars tilfinningaleg og andleg heilsa sem einkennist af öryggi, stressleysi, hamingju og nægjusemi. Efnisleg vellíðan hefur einnig áhrif á lífsgæði líkt og fjárhags- og atvinnuöryggi, húsnæði, eigur og matur. Aðrir þættir sem hafa áhrif á lífsgæði eru félagsleg þáttaka, reisin og virði, en það er mikilvægt fyrir einstaklinga að hafa hlutverk og stöðu, vera í góðu vinnuumhverfi og finna fyrir stuðningi (Andereck & Nyaupane, 2011).

3 Mýrdalshreppur

Sveitarfélagið Mýrdalshreppur hefur breyst mikið í gegnum árin og þá sérstaklega á 21. öldinni eða eftir að eldgos varð í Eyjafallajökli árið 2010. Í þessum kafla verður fjallað um sögu hreppsins allt frá seinni hluta 19. aldar til dagsins í dag. Einnig verður fjallað um þróun ferðapjónustu í Mýrdalshreppi ásamt því að rýnt verður í hvernig íbúafjöldi og íbúasamsetning hefur breyst í sveitarfélaginu á síðustu áratugum.

3.1 Mýrdalshreppur í gegnum árin

Mýrdalur hefur ávallt verið landbúnaðarsamfélag og vegna þess hversu lítið og afskekkt svæðið var hefur það jafnframt verið eitt af fátækari svæðum landsins. Áður fyrr þurftu bændur á svæðinu að fara langar leiðir í leit að verslun og þjónustu þar til tveir þeirra tóku málin í sínar hendur á síðari hluta 19. aldar og hófu að flytja inn vörur frá Bretlandi sem markaði upphaf verslunarreksturs í Vík. Annar þessara bónda, Halldór Jónsson í Suður-Vík, fékk árið 1890 löggildingu sem kaupmaður sem gerði það að verkum að fólk þurfti ekki lengur að fara í langt ferðalag til Eyrarbakka eftir nauðsynjum, það markaði upphafið að Vík sem þjónustumiðstöð fyrir sveitirnar í kring. Samhliða þessum nýja atvinnuvegi fór byggð í Vík að aukast í kringum aldamótin og árið 1905 voru íbúar orðnir 80 talsins og heimili 13. Flestir sem settust þar að á þessum tíma voru bændur úr nágrenninu og fylgdi þeim iðulega bústofn sem þeir fengu beutiland undir (Mýrdalshreppur, á.á.a).

Í skýrslu Byggðastofnunar (1990) um atvinnulíf og byggðarþróun í Mýrdalshreppi kemur fram að mikil búbót fyrir Mýrdælinga hafi orðið þegar brúin yfir Skeiðará, rétt austan við Vík, var opnuð árið 1974 og var það síðasti hlekkurinn í lokun hringvegarins. Í kjölfarið jókst straumur ferðamanna um svæðið til muna þó innviðir samfélagsins hafi sennilega ekki verið tilbúnir undir það. Í skýrslu Byggðastofnunar má sjá hvernig atvinnuskipting í Mýrdalshreppi var á þeim tíma. Tæpur helmingur ábúenda hafði þá atvinnu við verslun, samgöngur og þjónustu, um fjórðungur við landbúnað, um þriðjungur við iðnað og byggingariðnað og að lokum lítill partur við fiskveiðar og vinnslu (Byggðastofnun, 1990). Árið 1990 þegar skýrsla Byggðastofnunar var gefin út rak Kaupfélag Árnesinga verslunina Víkurskála sem bauð upp á bensín og olíu, veitingar og þjónustu fyrir ferðamenn. Á þessum tíma voru ekki nægilega margir ferðamenn á ferli á veturna til að halda úti veitingasölu allan ársins hring og því var hún lokuð í nokkra mánuði yfir veturinn (Byggðastofnun, 1990).

Áður en straumur ferðamanna fór að aukast í Mýrdalshreppi um og eftir árið 2008 var atvinnustarfsemi þar nokkuð blönduð. Mest vægi höfðu þó landbúnaður og þjónusta enda hafði samfélagið byggst upp á þeim atvinnugreinum. Landbúnaðarstörfum fór að fækka um og eftir 1990 og iðnaðar- og þjónustustarfsemi kom í staðinn að einhverju leyti. Samhliða minnkandi landbúnaðarstarfsemi og samdrætti í verslun á árunum fyrir 2008 fækkaði íbúum í Mýrdalshreppi stöðugt og voru þeir ekki nema 487 árið 2008 eftir að hafa verið 599 árið 1990 (Mýrdalshreppur, 2009).




Mynd 1: Vík um það bil árið 1977 (Mynd: Birna Viðarsdóttir)



Mynd 2: Vík árið 2019 (Mynd: Birna Viðarsdóttir)

Miklar breytingar hafa orðið á íbúafjölda í Mýrdalshreppi á síðustu áratugum. Sveitarfélagið fór úr því að vera næstum eingöngu íslenskir ríkisborgarar yfir í að vera alþjóðlegasta þorp landsins þar sem um 40% íbúa eru erlendir ríkisborgarar (Kristján Már Unnarsson, 2019). Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2020a) voru í byrjun árs 2020 719 manns með skráða búsetu í Mýrdalshreppi og er það aukning úr 526 árið 1998. Fólki á svæðinu hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og þá mest erlendum ríkisborgurum eins og sést á mynd 3 hér að neðan. Árið 2010 höfðu aðeins 30 erlendir ríkisborgarar búsetu í Mýrdalshreppi en þeir voru orðnir 390 í byrjun árs 2020 (Hagstofa Íslands, 2020b). Erfitt er að finna upplýsingar um hvernig atvinnuskipting í Mýrdalshreppi er í dag en líklegt er að stór hluti þeirra sem hafi þar atvinnu vinni við ferðaþjónustu nú til dags.



Mynd 3: Heildarfjöldi íbúa í Mýrdalshreppi og fjöldi erlendra ríkisborgara í Mýrdalshreppi 1998-2020 (Hagstofa Íslands, 2020a), (Hagstofa Íslands, 2020b)

3.2 Ferðapjónusta í Mýrdalshreppi

Ferðapjónusta í Mýrdalshreppi hefur stóraukist á síðustu tíu árum eða svo og koma ferðamanna til sveitarfélagsins margfaldast. Til að mynda heimsóttu um 860.000 manns Reynisfjörðu árið 2018 sem er mesti fjöldi ferðamanna sem talinn hefur verið á því svæði (Mælaborð ferðapjónustunnar, á.á). Ferðamennska er þó ekki ný af nálinni á svæðinu eins og kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar frá árinu 1990 en þá voru þrír bændur í ferðapjónustu og buðu upp á t.d. gistingu og ýmissa afþreyingu líkt og vélsleðaferðir á Mýrdalsjökul, hestaleigu og silungsveiði. Einnig var í Vík gistihús á vegum K.Á. ásamt sumarhúsum við Klettsveg og stórt tjaldstæði. Í skýrslu Byggðastofnunar kom fram að í framtíðarsýn sveitarstjórnar Mýrdalshrepps árið 1990 væru bundnar miklar vonir um að ferðapjónusta myndi halda áfram að aukast á svæðinu. Samhliða því var lögð áhersla á umhverfismál, en þau tengjast framtíðarsýn tengdum ferðamálum að miklu leyti (Byggðastofnun, 1990).

Eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 var upphafið að miklum breytingum fyrir Vík í Mýrdal og nágrenni. Umfjöllun um gosið fór út um allan heim og aðrir samverkandi þættir urðu til þess að ferðamennska á svæðinu og í raun landinu öllu jókst gríðarlega á stuttum tíma (Mýrdalshreppur, á.á.b). Árið 2018 var fjöldi ferðamanna sem heimsóttu Mýrdalshrepp orðinn rúmlega 1,2 milljónir (Oddný Þóra Óladóttir, 2019). Samhliða þeirri miklu aukningu ferðamanna til svæðisins hefur átt sér stað mikil uppbygging á þjónustu og afþreyingu. Mikið af nýjum veitingastöðum hafa opnað bæði í Vík og sveitunum í kring ásamt því að komin er ný matvöruverslun sem opin er alla daga ársins.

Áætla má að flestir þeirra ferðamanna sem heimsækja Mýrdalshrepp komi þangað vegna náttúru svæðisins. Á svæðinu eru margar náttúruperlur og frægust þeirra er Reynisfjara sem ferðamenn kalla yfirleitt *Black Sand Beach*. Í fjörunni er mjög gott útsýni yfir Reynisdranga en þeir sjást einnig vel frá Víkurfjörðu hinum megin við fjallið, sem er aðeins um 100-200 metrum frá byggð í Vík. Á svæðinu er einnig Dyrhólaey, um 120 metra hár móbergsstapi með fallegum boga úti í sjónum þar sem sjórinn flæðir í gegn. Á sumrin er

einnig mikið fuglalíf á svæðinu, t.d. í Dyrhólaey og Reynisfjalli. Þetta er aðeins lítill hluti þeirra náttúruperlna sem er að finna á svæðinu.

Frá Vík er boðið upp á fjölbreyttar ferðir til þess að skoða náttúruna, til dæmis jeppaferðir upp á jöklana á svæðinu, gönguferðir og hellaskoðun. Einnig er boðið upp á hestaferðir, snjósleðaferðir, zipline, svifvængjaflug og margt fleira. Sem dæmi um afþreyingu innandyra þá stendur ferðamönnum til boða að fara í bjórsmökkun hjá Smiðjunni brugghús og að sjá rennandi hraun hjá Icelandic Lava Show. Í Vík er einnig safn sem ber heitið Skaftfellingur þar sem gamalt eikarskip, sem ber sama heiti og safnið, er til sýnis og saga skipferða á svæðinu er rakin.

Ferðamennskan hefur ekki aðeins haft áhrif á Vík en bændur í sveitunum í kring hafa ekki farið varhluta af þróuninni. Mörg dæmi eru um að bændur sem ekki sáu fyrir að geta haldið úti búskap mikið lengur hafi breytt húsum og hlöðum sínum í gistiheimili fyrir ferðamenn og þannig hafið ferðaþjónustubúskap í takt við breytta tíma.



Mynd 4: Bærinn Götur (t.v.) og hús til útleigu fyrir ferðamenn (t.h.). (Mynd: Haraldur Freyr Róbertsson)

Í skýrslu SASS (2018) kemur fram að íbúasamsetning í Mýrdalshreppi hafi breyst mikið undanfarin ár. Hér áður fyrr var það þannig að allir þekktu alla í þessu litla samfélagi en með auknum ferðamannastraumi hafi erlendum íbúum fjölgað mikið og í mörgum ferðaþjónustufyrirtækjum er meirihluti starfsfólks af erlendu bergi brotin. Þessir íbúar komi oft á tíðum til að vinna í tímabundnum störfum og þá geta tungumálaerfiðleikar verið vandamál jafnvel þótt starfsfólkið fari margt á íslenskunámskeið. Það er vegna þess að samstarfsfólk þess og viðskiptavinir tali í flestum tilfellum ensku og því gefist þeim fá tækifæri til að æfa sig á nýju tungumáli (Þorvarður Árnason & Arndís Lára Kolbrúnardóttir, 2019). Með svo mikilli aukningu starfsfólks hefur skapast húsnaðisvandamál í Mýrdalshreppi og hafa margir ferðaþjónustuaðilar þurft að byggja íbúðarhúsnaði fyrir starfsfólk sitt. Sem dæmi má nefna Hótel Kríu sem opnaði sumarið 2019.



Mynd 5: Hótel Kría (t.v.) og íbúðarhúsnæði sem var byggt undir starfsfólk hótelsins (t.h.). (Mynd: Haraldur Freyr Róbertsson)

3.3 Rannsóknir á ferðamennsku í Vík og nágrenni

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga eða SASS lét árið 2018 í samvinnu við Háskóla Íslands gera rannsókn á félagslegum þolmörkum íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu. Rannsóknin náði meðal annars yfir Mýrdalshrepp og leiddi niðurstöður hennar í ljós að áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á svæðinu hafi verið bæði jákvæð og neikvæð. Jákvæð áhrif sem ferðamennskan hefur haft tengist einkum atvinnulífinu og aukinni þjónustu í heimabyggð, ásamt bættum lífskjörum og auknum lífsgæðum en álag á grunnstoðir samfélagsins líkt og heilbrigðisþjónustu og löggæslu ásamt hættulegri umferð á þjóðvegum voru meðal þess neikvæða. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að ferðamennska og ferðaþjónusta hefur víðtæk áhrif á líf íbúa og að þau áhrif komi fram á ýmsa vegu. Þar kom fram að mikilla úrbóta sé þörf í vegamálum á þjóðvegi eitt til að tryggja öruggari samgöngur fyrir alla, enda hefur umferð um veginn aukist mikið samhliða aukinni komu ferðamanna. Skortur er á húsnæði, heilbrigðisstarfsfólki og lögreglumönnum í Mýrdalshreppi og hefur hið opinbera ekki gert nægilega mikið til að aðstoða þetta litla samfélag við að anna þessum mikla fjölda ferðamanna sem þangað kemur (Þorvarður Árnason & Arndís Lára Kolbrúnardóttir, 2019).

Árið 2019 var gerð BS-ritgerð við Háskóla Íslands þar sem áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á staðarkennd heimamanna í Vík voru skoðuð. Staðarkennd er hugtak sem notað er yfir það samband sem er á milli einstaklings og staðar. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að þegar fjöldi ferðamanna eykst í samfélagi hefur það áhrif á staðarkennd heimamanna (Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir, 2019). Áhugavert er að ekki hafi verið gerðar fleiri rannsóknir en raun ber vitni sem tengjast ferðamennsku í Mýrdalshreppi og nágrenni þar sem hann er einn af þeim stöðum sem fær hvað flesta ferðamenn á Íslandi.

4 Aðferðafræði

Við gagnaöflun var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Viðtöl voru tekin við heimamenn úr Mýrdalssveit en heimamenn voru skilgreindir sem einstaklingar sem hafa búið á svæðinu í minnsta lagi síðustu tíu ár. Gagnaöflun fór fram dagana 26. og 27. janúar og í heildina voru tekin sex viðtöl við sjö einstaklinga. Hér á eftir verður ítarlega farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við gagnaöflun í rannsókninni.

4.1 Eigindlegar rannsóknir

Eigindlegar rannsóknaraðferðir snúast um að þeim gögnum sem er aflað séu orð, en ekki töluleg gögn. Með því að afla gögnum á þann hátt, t.d. með viðtölum við einstaklinga, er leitast eftir því að fá dýpri skilning á viðhorfum, reynslu og upplifun viðmælenda af viðfangsefninu. Í slíkum rannsóknum er ekki aðeins sóst eftir því að safna upplýsingum um viðfangsefnið heldur einnig að skilja hvað liggur að baki skoðunar viðmælenda og er því leitast eftir dýpri skilningi á gögnunum en fást með aðferðafræði meginlegra rannsókna, til dæmis með einföldum spurningalistum (Bryman, 2012).

Í eigindlegum rannsóknum er algengast að notast sé við aðferðafræði grundaðrar kenningar en hún felur í sér að gagnaöflun, greining gagna og þær kenningar sem dregnar eru fram úr rannsókninni eigi sér stað að einhverjum hluta samtímis. Í byrjun rannsóknarinnar eru rannsakendur ekki með ákveðna kenningu um hver niðurstaða hennar verði heldur þróast kenningin í gegnum rannsóknarferlið, bæði á meðan gagnaöflunin á sér stað og á meðan unnið er úr gögnunum. Gögnin eru sífelld borin saman og leitað er að líkindum á milli þeirra og kenning er síðan þróuð út frá þeim líkindum sem finnast í gögnunum (Bryman, 2012).

4.2 Val á viðmælendum

Þegar kom að því að velja viðmælendur var notast við markvisst úrtak, en þá ráða fyrirframgefnar forsendur vali á viðmælendum. Aðeins var unnið út frá einni forsendu: að viðmælendur væru heimamenn úr Mýrdalssveit. Heimamenn eru skilgreindir sem þeir einstaklingar sem eru með lögheimili í Mýrdalssveit og hafa búið þar síðustu tíu árin hið minnsta. Til þess að finna viðmælendur var notast við lykilheimildamann (e. key informant), en það er einstaklingur með góða þekkingu og tengsl innan rannsóknarsvæðisins, og varð Magnús Kristjánsson fyrir valinu. Hann hefur búið í Mýrdalssveit í yfir 50 ár og þekkir því vel til á svæðinu. Hann kom rannsakendum í samband við tíu einstaklinga sem voru tilbúnir að koma í viðtal en á endanum voru tekin viðtöl við sex þeirra. Þeir fjórir sem ekki voru tekin viðtöl við voru annaðhvort uppteknir á þeim tíma sem gagnaöflun stóð yfir eða ekki tókst að ná í viðkomandi. Í einu viðtalinu var maki viðmælenda með og var því heildarfjöldi viðmælenda sjö en heildarfjöldi viðtala sex.

Viðmælendur voru á aldursbilinu 40-80 ára, tveir viðmælendur voru konur og fimm voru karlar. Allir viðmælendur fengu val um að koma fram undir sínu eigin nafni eða nafnleynd og kusu þeir allir að koma fram undir sínu eigin nafni. Viðmælendur voru eftirfarandi.

- Ársæll Guðlaugsson – Framkvæmdastjóri og eigandi Framrás bifreiðaverkstæðis
- Reynir Ragnarsson – Eftirlaunaþegi, starfaði t.d. sem lögreglumaður og bóndi
- Sigurður Ævar Harðarson – Eftirlaunaþegi, starfaði sem trésmiður
- Steinþór Vigfússon – Fyrirverandi bóndi nú eigandi Hótel Dyrhólaey
- Vigdís Harðardóttir – Eigandi Framrás bifreiðaverkstæðis
- Þórir Kjartansson – Eftirlaunaþegi, starfaði sem framkvæmdastjóri Víkurprjóns ásamt því að sitja í sveitarstjórn Mýrdalshrepps
- Æsa Guðrúnardóttir – Eigandi Vík Hostel og meðeigandi í Zipline Iceland

4.3 Framkvæmd viðtala

Rannsakendur settu sig fyrst í samband við viðmælendur á fimmtudeginum 23. janúar og buðu viðmælendum upp á að koma í viðtöl annaðhvort 26. eða 27. janúar, eftir því hvað hentaði hverjum. Viðmælendur fengu að ráða hvar viðtölin færu fram en fimm þeirra fóru fram í heimahúsi og eitt viðtal fór fram á vinnustað viðmælenda.

Viðtölin voru hálfstöðluð en fyrir viðtölin var útbúinn viðtalsrammi (sjá viðauka A) með punktum tengdum því efni sem við vildum að kæmi fram í viðtalinu en þó var viðmælendum frjálst að tala um það sem lá þeim helst á hjarta. Viðtalsramminn var notaður til þess að stýra viðmælendum inn á ákveðin efnistökin en þó var lögð áhersla á að þeir fengju einnig að tala frjállega um þau mál sem þeir töldu mikilvægust.

4.4 Vinnsla viðtala

Afritun viðtalanna hófst fljótlega eftir að gagnaöflun lauk. Þá voru viðtölin afrituð orðrétt til þess að auðveldara væri að vinna úr efni þeirra. Það ferli tók um það bil tvær vikur. Að lokinni afritun viðtalanna var næsta skref greiningarferlisins að kóða viðtölin. Við kóðun viðtalanna var notast við greinandi kóðun, einnig þekkt sem túlkandi kóðun, en hún felur í sér að búið verður til meginþemu/lyklar úr því sem fram kom í viðtölunum (Bryman, 2012). Niðurstöður úr kóðuninni leiddu til þess að til urðu tólf lyklar, sem lýsa þeim meginþemum sem komu fram í viðtölunum. Við áframhaldandi greiningu viðtalanna sameinuðust nokkrir af upprunalegu lyklunum en lyklarnir byggja upp kaflaskiptingu niðurstöðukaflans sem kemur hér á eftir.

Eftir að búið var að vinna úr viðtölunum og niðurstöðukaflinn var nokkurn veginn búinn að taka á sig sína lokamynd var viðmælendum gefinn kostur á að lesa yfir þá hluta

niðurstöðukaflans þar sem vitnað var í þá. Flestir viðmælendur þáðu það boð og var það misjafnt hvort þeim var sent gögnin í tölvupósti eða komið var með þau heim til þeirra, allt eftir því hvað hver viðmælandi kaus. Eftir að viðmælendur höfðu lesið yfir niðurstöðurnar bárust örfáar athugasemdir sem voru leiðréttar eða lagfærðar, en þær voru þó allar smávægilegar.

5 Niðurstöður

Viðtölin leiddu í ljós yfirgnæfandi jákvæðni og ánægju á meðal viðmælenda um þróun ferðapjónustu í Mýrdalssveit. Allir viðmælendur voru mjög ánægðir með þá þróun sem hefur verið á svæðinu á síðasta áratugi eða svo en þegar leitast var eftir einhverjum vanköntum á þeirri þróun var lítið um svör á meðal viðmælenda. Í þessum kafla verður fjallað um þær niðurstöður sem komu úr greiningu viðtalanna. Aðalatriðin úr viðtölunum verða dregin fram til að setja fram heildræna niðurstöðu úr efni viðtalanna.

5.1 Atvinnumöguleikar

Áhrif aukinnar ferðamennsku í Mýrdalshreppi hefur haft gríðarleg áhrif bæði í Vík og í sveitunum þar í kring. Aukin koma ferðamanna til svæðisins hefur skapað möguleika á auknum tekjumöguleikum tengdri ferðapjónustu bæði fyrir íbúa í Vík og bændur á svæðinu í kring. Ársæll segir að það sé mun minna orðið um hefðbundin sveitastörf á svæðinu og að þau séu alveg að detta upp fyrir. Hann segir að flestir á svæðinu hafi farið út í störf tengd ferðapjónustu í staðinn fyrir þau hefðbundnu landbúnaðarstörf sem einkenndu samfélagið á árum áður. Æsa telur þá bændur sem ekki eru tengdir ferðapjónustu, á beinan eða óbeinan hátt, sé hægt að telja á fingrum annarrar handar.

Þegar Reynir talar um sína upplifun á íbúapróun í Mýrdalshreppi á síðustu áratugum segir hann að áður fyrr hafi verið þónokkuð um að ungt fólk hafi flutt í burtu frá svæðinu. Ástæða þess var að unga fólkið fékk ekki vinnu og festist því ekki á svæðinu og fór því annað, eftir var aðeins gamla fólkið. Sú þróun hefur þó snúist við að einhverju leiti á síðustu árum og hann segir að margir hafi séð tækifæri til þess að flytja til baka í Mýrdalshrepp þegar eftirspurn eftir vinnuafli jókst og jafnvel stofnað sinn eigin rekstur á svæðinu.

Þórir Kjartansson var bæði í sveitarstjórn og atvinnumálanefnd í kringum árið 1990 en hann segir að á þeim tíma hafi verið heilmikil varnarbarátta tengd atvinnumálum á svæðinu. Hann segir að þeirri varnarbaráttu hafi lokið þegar ferðamaðurinn fór að koma, að þá hafi allt breyst, eftir langt samdráttarskeið hafi íbúum í sveitarfélaginu aftur byrjað að fjölga. Þrátt fyrir að Þórir sé ekkert nema jákvæður gagnvart þeirri þróun sem hefur átt sér stað á svæðinu undanfarin ár þá sér hann samt einn vankant á þróuninni. Atvinnulífið á svæðinu er orðið einsleitara en það var áður og telur hann að atvinnulífið nánast standi og falli með velgengni ferðamenskunnar. Hann segir að á svæðinu hafi verið að tapast ýmis störf sem á árum áður hefði verið barist fyrir því að halda innan svæðisins og tekur hann sem dæmi starf á sýsluskrifstofunni sem er að færast af svæðinu yfir til Hvolsvallar á skrifstofu Sýslumannsins á Suðurlandi. Fyrir tíu árum hefðu sveitarstjórnarmenn á svæðinu verið á fundi með þingmönnum yfir færslu á opinberu starfi frá svæðinu þar sem hefði verið argast og rifist til þess að halda starfinu á svæðinu. Hann telur ástæðuna fyrir því að ekki sé lengur barist fyrir að halda slíkum störfum á svæðinu sé að fólk sé frekar sofandi yfir þessari þróun á tímum eins og núna, þegar allir hafa nóg að gera.

Pórir telur að stærsta skrefið varðandi atvinnuþróun tengda ferðamennsku á svæðinu hafi verið að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann.

Til að byrja með eru þetta bara sumarmánuðirnir og það er náttúrulega erfitt að reka fyrirtæki á að fá alla innkomuna á kannski hálfu árinu, eða ekki það. Þannig að þegar að þetta fer að verða, þegar vetrartúristarnir fara að koma og þetta fer að verða heilsárs atvinnustarfsemi. Þá virkilega fer þetta að vera í lagi og þá líka fer að fjölga fólkinu því þá fer þetta að vera heilsársstörf sem gera fólki það kleift að setjast hér að en áður var þetta svona vertíðarstemming.

Æsa Guðrúnardóttir er ein af mörgum sem hafa atvinnu af ferðamennsku á svæðinu. Hún er eigandi Vík Hostel ásamt því að eiga fjórðungshlut í Zipline Iceland í Grafargili. Paragliding Iceland, sem býður upp á svifdrekaferðir af Reynisfjalli, er einnig með aðstöðu hjá henni í Norður-Vík. Hún byrjaði með Vík Hostel sumarið 2000 en á þeim tíma var eingöngu rekstrargrundvöllur til þess að hafa opið þrjá mánuði yfir sumarið, þrátt fyrir það voru tómar nætur hjá henni inn á milli. Þegar reksturinn var lokaður hjá henni yfir vetrartímann flutti hún einn veturinn til Hveragerðis en hina veturna starfaði hún á dvalarheimilinu í Vík eða var í fæðingarorlofi. Vegna aukningar í komu ferðamanna til Víkur hefur hún getað lengt opnunartíma Vík Hostel jafnt og þétt en á síðustu árum hefur verið opið þar allan ársins hring. Ásamt því að geta boðið upp á gistiþjónustu allt árið um kring hefur aukning ferðamanna gefið henni tækifæri á að byrja annan rekstur tengdan áhugamáli sínu. Hún segir að aukin atvinnutækifæri á svæðinu hafi gert henni kleift að búa með fjölskyldu sinni þar sem hún vill búa.

Steinþór Vigfússon er einn af þeim sem hefur farið úr búskap yfir í ferðamennsku. Hann var bóndi á félagsbúi þar sem hann og fjölskylda hans hélt úti búskap í sameiningu með annarri fjölskyldu. Hann segir að búreksturinn hafi verið erfiður og að ekki hafi verið möguleiki á að stækka reksturinn þannig að tekjurnar væru nægar fyrir tvær fjölskyldur. Hann stóð frammi fyrir ákvörðun um að annaðhvort hætta og flytja í burtu eða að færa sig yfir í ferðapjónustuna. Til að byrja með stundaði hann ferðapjónustu meðfram hefðbundnum búskap og leigði hann út herbergi í nýbyggðu íbúðarhúsnæði sínu. Ekki leið á löngu þangað til Steinþór seldi sinn hluta í búinu og notaði peninginn til þess að koma upp litlu hóteli. Sú starfsemi óx með tímanum og ber reksturinn nú heitið Hótel Dyrhólaey, en þar er Steinþór með um 150 herbergi í útleigu fyrir ferðamenn. Hann telur það vera borðleggjandi að aukin koma ferðamanna til svæðisins hafi hjálpað til við að halda jörðum í Mýrdalnum í byggð.

Jafnframt telur Steinþór Mýrdalinn vera erfitt landbúnaðarsvæði þó hann henti vel fyrir suman landbúnað. Hann segir að margar af jörðunum á svæðinu séu of litlar og að ekki sé hægt að byggja þær upp til nútímareksturs sem krefst mikils magn gripa. Dæmi um þá erfiðleika sem standa frammi fyrir bændum í búrekstri á svæðinu er til dæmis að Mýrdalurinn sé mýrlendur sem gerir það að verkum að erfitt sé að heyja á svæðinu ásamt því að jarðirnar eru ekki nægilega stórar.

5.2 Innviðir

Með margöldun í komu ferðamanna til svæðisins hefur álag á innviði þess aukist til muna. Það hafa verið vaxtaverkir á svæðinu og viðmælendur voru allir sammála um að það væru ýmsir þættir sem hafa ekki náð að standa undir þessari hröðu þróun. Ekki fannst öllum það sama í þessum málum en atriði sem voru oft nefnd voru til dæmis skortur á íbúðarhúsnæði, vegakerfið og heilbrigðisþjónusta. Þórir telur vöxtinn hafa verið óþarflega hraðan og að uppbygging á svæðinu hafi ekki náð að halda í við þann mikla vöxt sem hefur verið. Honum þykir það vera hálfgerð kraftaverk hversu vel hefur þó tekist til og þá sérstaklega hjá einkageiranum sem, að hans mati, hefur staðið sig mun betur en ríkisvaldið.

5.2.1 Íbúðarhúsnæði

Undir lok 20. aldarinnar þegar mikill samdráttur var á svæðinu var ekki byggt hús í Vík í um það bil 20 ár. Nú í dag er veruleikinn annar og á svæðinu er byggt mikið magn húsa en þó er ennþá mikill skortur á húsnæði, en ekki hefur tekist að byggja nægilegt magn íbúða fyrir alla þá sem flutt hafa til sveitarfélagsins á síðustu árum.

Á síðustu árum hefur verið mikil uppbygging í Mýrdalshrepp. Hin ýmsu hótél og gististaðir hafa sprottið upp og eru möguleikar á gistingu á svæðinu í tugatali. Samhliða uppbyggingu á gistiaðstöðu hefur þurft að byggja upp íbúðir fyrir starfsfólkið eða breyta húsnæði sem notað var undið annað í íbúðir. Algengt er að atvinnurekendur á svæðinu þurfi að sjá starfsfólki fyrir íbúðarhúsnæði vegna skorts á íbúðum. Til dæmis byggði Hótel Kría, sem opnaði árið 2018 íbúðabyggingu rétt vestan við hótelið sem er ætluð sem íbúðir fyrir starfsfólk hótelsins. Æsa, sem sjálf er í atvinnurekstri á svæðinu, segir að skortur á íbúðarhúsnæði reynist atvinnurekendum erfiður, frá Vík sé um klukkutími í næsta bæjarfélag og ef þú ert með starfsfólk verður það að búa á svæðinu. Hún lýsir þeim áskorunum sem atvinnurekendur standa frammi fyrir með þessum orðum:

Hérna verður fólk að búa og þá þarftu bara að gera svo vel að byggja utan um þitt starfsfólk. Þannig þetta er rosalega mikill þröskuldur og ábyrgð sem er á atvinnurekendum til þess að geta mannað sín fyrirtæki, það er miklu meiri fjárfesting heldur en bara hótelið sjálft.

Steinþór hefur einnig verið í atvinnurekstri í tugi ára og segir hann að meirihluti erlenda starfsfólksins á svæðinu sé aðeins komið til þess að vinna þar í styttri tíma áður en það fer aftur heim til sín.

Sumir eru bara komnir til þess að vinna og eru bara með einhver markmið, eftir sjö ár þá er ég farinn heim til mín til Póllands, eða hvar sem það er, og þá ætla ég að vera búinn að byggja mér hús þar og þannig það er ekkert nema brot af þessu fólki semer komið til þess að setjast hérna að endanlega.

Þórir segir það vera mjög stórt verkefni fyrir bæði sveitarfélagið og atvinnurekendur að skapa starfsfólki húsnæði. Erlendir íbúar á svæðinu eru orðnir yfir 40% af heildaríbúafjölda og má áætla að hlutfall erlendra ríkisborga á vinnumarkaðnum sé ennþá hærra. Líkt og Steinþór telur hann meirihluta erlendra starfsmanna á svæðinu ekki vera komna þangað til

Þess að setjast að, heldur eingöngu til þess að vinna í styttri tíma og fara svo til síns heima. Þeir sem ákveða að setjast að á staðnum eiga möguleika á að annaðhvort kaupa sér húsnæði eða byggja nýtt hús. Meirihluti starfsfólksins eru hins vegar farandverkamenn sem ekki eru tilbúnir að binda peninga sína í fasteignum en á svæðinu er ekki nægilegt magn af leiguhúsnæði fyrir alla. Því hefur það verkefni, að skapa starfsfólkinu húsnæði, fallið í hlut atvinnurekenda á svæðinu. Ef þeir geta ekki boðið starfsfólkinu húsnæði fá þeir ekki starfsfólk til vinnu.

Æsa telur að hækkun á íbúðaverði á svæðinu hafi haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á íbúa þess. Hún segir að fólk sé ekki lengur jafn bundið fasteigninni og það var þegar allt var á niðurlagið sem hefur gert það að verkum að fleiri einstaklingar treysti sér til þess að byggja ný íbúðarhús á svæðinu. Það er bæði auðveldara að selja fasteignir á svæðinu nú heldur en var áður ásamt því að hækkun á fasteignaverði hefur gert þeim sem eiga fasteignir það mögulegt að selja eignir sínar á góðu verði og flytja annað, ef þeir svo kjósa. Sigurður segir að samhliða hækkun fasteignaverðs á svæðinu hafi fasteignagjöld hækkað sem hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir íbúa.

5.2.2 Hið opinbera

Viðmælendur voru allir sammála um að hið opinbera sé að draga lappirnar á einu sviði eða öðru. Æsu finnst að heimamenn hafi verið látnir sitja á hakanum í þeirri uppbyggingu sem hefur verið á svæðinu. Viðmælendur höfðu mestar áhyggjur af heilbrigðismálum, þau voru öll mjög óánægð með stuttan opnunartíma bæði heilsugæslunnar og apóteksins sem bæði loka í hádeginu. Fyrir hið margumtalaða fjármálahrun árið 2008 var heilsugæslan opin allan daginn en í sparnaði eftir kreppuna var opnunartíminn stytur og hefur hann lítið breyst síðan. Á sama tíma hefur verið mikil aukning bæði í fjölda íbúa á svæðinu og á ferðamönnum sem heimsækja svæðið, sem geta einnig þurft á lækniþjónustu að halda. Steiþór telur þessa þróun vera hættulega og að einn daginn gætu hlutirnir endað illa.

Núna er allt í einu orðið þannig að það þarf að loka öllu um hádegi og já það er svona bara, eins og ég var að segja um opinberu þjónustuna, það er alltaf verið að draga úr henni og það er ennþá verið að draga úr henni, allvegana ekki að auka hana eins og þyrfti að gera. Að vera með einn lækni sem á að sjá um kannski mörg þúsund manns á hverjum degi það getur farið illa.

Þrátt fyrir þennan stutta opnunartíma er þó bakvakt sem hægt er að nýta sér í neyðartilfellum, sem Vigdís sér sem ákveðinn öryggisventil.

Viðmælendur voru einnig sammála um að sveitarfélagið hafi stækkað hratt og ýmsir vaxtaverkir hafi fylgt í kjölfarið sem bæði ríkið og sveitarfélög hafi þurft að huga að. Flestir viðmælendur skynjuðu það mikla álag sem hefur verið á sveitarstjórn á svæðinu og þrátt fyrir þá erfiðleika sem hafi komið upp telja þeir að sveitarfélagið hafi náð að halda ágætlega á spöðunum. Æsa gerir sér fulla grein fyrir álaginu sem hefur verið á sveitarfélaginu og segir að þau hafi staðið sig vel.

Það eru náttúrulega ofboðslega mikil verkefni undanfarin ár á sveitafélaginu. Maður veit alveg að þetta er mikið álag og illa borgað, þetta er eiginlega ekkert

nema skammir og endalaus verkefni. Þannig að mér finnst að fólkið sem hefur verið þar bæði núna og síðast staðið sig vel.

Þegar umræðan kom að skiptingu tekna á milli sveitarfélags og ríkis fannst flestum viðmælendum að ríkið tæki of mikið af opinberum tekjum tengdum ferðamenskú á svæðinu til sín, þá helst í formi gistináttagjalda. Þórir segir að það hafi reynst sveitarfélaginu dýrt að stækka svona hratt og hann segir: „Þannig að sveitarfélaginu veitir ekkert af þessum tekjum sem það hefur og þess vegna held ég að það væri rosalega gott fyrir sveitarfélögin að fá þessi gistináttgjöld.“ Aðrir viðmælendur voru einnig sammála því að peningunum sem kæmu frá gistináttgjöldunum væri betur varið í uppbyggingu innan svæðisins.

5.3 Þjónusta og afþreying

Með auknum fjölda fólks á svæðinu hefur bæði framboð og eftirspurn eftir ýmissi þjónustu og afþreyingu aukist. Í þessum kafla verður fjallað um þá uppbyggingu sem hefur verið á þjónustu á svæðinu og hvort sú þjónusta sem byggst hefur upp taki tillit til þarfa heimamanna eða hvort horft hafi verið framhjá þörfum þeirra í þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað. Einnig verður fjallað um þá afþreyingu sem stendur til boða fyrir ferðamenn á svæðinu.

Íbúar svæðisins njóta góðs af aukinni þjónustu en taka þó eftir að þjónustan sé stíluð inn á þarfir ferðamanna frekar en heimamanna. Sem dæmi má nefna að á svæðinu er komin stór og fín búð sem ber heitir Kr. en hún er rekin af sama fyrirtæki og rekur verslanir Krónunnar. Steinþór segir það augljóst að verslunin sé rekin með hagsmuni ferðamanna og eigenda hennar í forgangi fram yfir hagsmuni og þarfir heimamanna.

Við sjáum auðvitað hvað þetta fyrirtæki er að gera sem heldur úti versluninni, þetta er náttúrlega fyrst og fremst verslun sem er ætluð fyrir túrista. Ef maður fer í búð hugsar maður fyrst skildi túristi þurfa þetta og ef að það er ekki getur maður bara sleppt því að fara því að það er ekki til. Verðlagið er frekar hátt myndi ég segja miðað við það sem menn eru að borga [annarstaðar], þess vegna heitir það náttúrlega ekki Krónan til þess að geta haft verðið hærra en í öðrum Krónubúðum. Þannig það væri mjög æskilegt að hérna kæmi önnur verslun.

Viðmælendur gerðu sér þó grein fyrir því að það er ekki sjálfsagt að hafa verslun á svæðinu en gamla búðin var með mjög stuttan opnunartíma og var að lognast út af. Nýja verslunin er opin alla daga frá klukkan 9-20 yfir veturinn og 9-22 yfir sumartímann, einnig var hún opin alla daga yfir jólahátíðina. Vigdís telur það alls ekki víst að það hefði verið rekstrargrundvöllur fyrir matvöruverslun á svæðinu ef aukning ferðamanna hefði ekki komið til.

Ásamt því að komin sé stór verslun á svæðið hefur fjöldi veitingastaða einnig aukist mikið og framboð á veitingum meðfram því. Ársæll og Vigdís reka bifreiðaverkstæði á svæðinu og fá þau umtalsverðan hluta af tekjum sínum við að þjónusta bæði bílaleigubíla og atvinnubifreiðar og hefur það gert þeim kleift að reka verkstæðið og búa í Vík, en bæði Ársæll og Vigdís telja að ef að ástandið hefði verið óbreytt þá myndu

þau ekki búa á svæðinu lengur. Annað dæmi um þá þjónustu á svæðinu sem mestmegnis er ætluð ferðamönnum en heimamenn njóta einnig góðs af er verslun Icewear. Þar er seldur ýmiss útvistarfatnaður og heimamenn fá góðan afslátt þegar þeir versla í búðinni.

Steinþór telur að sköpun á afþreyingu fyrir ferðamennina á svæðinu sé alfarið í höndum þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem þar eru en ekki hins opinbera. Honum þykir vel hafa verið staðið að uppbyggingu afþreyingar utandyra en bendir helst á þann vankant að honum þykir ekki vera næg afþreying í boði innandyra ef ferðamenn séu á svæðinu í slæmu veðri.

5.4 Umhverfis- og öryggismál

Samhliða mikilli aukningu ferðamanna til svæðisins hefur ágangur á náttúru þess einnig margfaldast á síðustu árum. Í þessum kafla verður fjallað um upplifun heimamanna á ástandi náttúruperlna á svæðinu og þeirra skoðun á umhverfismálum á svæðinu. Einnig verður komið inn á öryggismál en því miður hafa átt sér stað hræðileg slys í náttúru svæðisins á síðustu árum.

5.4.1 Umhverfismál

Á síðustu árum hefur fjöldi ferðamanna sem heimsækir náttúru Mýrdalshrepps verið um milljón manns á ári. Gera má ráð fyrir að svo mikill fjöldi skilji eftir sig einhver spor í náttúru svæðisins en viðmælendur voru yfirleitt mjög sáttir við ástand náttúrunnar á svæðinu. Viðmælendur töldu að náttúra svæðisins væri ekki komin að þolmörkum og að svæðið gæti tekið við fleira fólki. Þeir voru vel meðvitaðir um að á sumum dögum væri ógurlegur fjöldi af fólki á svæðinu. Steinþór nefndi að þrátt fyrir að það væri mikið af fólki á þessum vinsælustu stöðum þá væri þó ennþá hægt að finna staði á svæðinu þar sem hægt væri að vera einn. Þórir segir að landslag svæðisins sé þannig að ekki sjáist mikið á því vegna ágangs fólks.

Þessir fjölsóttustu staðir hérna hjá okkur eins og kannski Sólheimajökullinn, Reynisfjaran og Víkurfjaran, þetta eru staðir sem þola eiginlega endalausan ágang af fólki. En kannski eins og Dyrhólaey sem er svolítið öðruvísi en þar hefur nú ríkið stjórnað, eða Umhverfisstofnun stjórnað öllu í gegnum þessa friðlýsingu á Dyrhólaey.

Þórir þykir það skrítið að hið opinbera taki ekki virkari þátt í verndun umhverfis á vinsælum ferðamannastöðum, viðhaldi þeirra og uppbyggingu. Honum þykir það ekki eiga að vera á ábyrgð hvers landeigenda fyrir sig, sem á land að vinsælum ferðamannastöðum, að þurfa að bera aukinn kostnað af því þegar ferðamenn heimsækja staðina. Hann segir að náttúran sé okkar allra, sama hvort við séum Íslendingar eða þeir ferðamenn sem koma til landsins til að skoða hana. Honum þykir það vera herfileg þróun ef landeigendur þurfi að grípa til þess ráðs að láta fólk borga til þess eins að horfa á náttúruna. Hann segir að ríkið eigi auðveldlega að vera fært um að sjá um viðhald og uppbyggingu staðanna og að hann væri ekki á móti aukinni opinberri gjaldröku, ef þess væri þörf, t.d. í formi komugjalda til landsins.

Athyglisvert er að þrátt fyrir að viðmælendur voru ekki spurðir um álit sitt á Dyrhólaey, heldur eingöngu um umhverfismál á svæðinu almennt, lýstu þeir allir yfir óánægju sinni með hvernig hefur verið staðið að friðlýsingu Dyrhólaeyjar. Reynir talar um Dyrhólaey sem eign okkar og vísar þá ekki bara til þeirra sem eiga landsvæðið, sem eru bæði einstaklingar og hreppurinn, heldur allra heimamanna á svæðinu. Hann er óánægður með að heimamenn hafi ekkert um það að segja hvað sé í gangi þar og að öllum málum sem tengjast Dyrhólaey sé stjórnað af skrifstofu í Reykjavík. Hann segir að heimamenn séu búnir að missa tókin og að mikil vitleysa hafi verið gerð á svæðinu síðan friðlýsingin átti sér stað og nefnir sem dæmi að aðgengi að Dyrhólaey sé lokað á sumrin. Þórir er einnig harðorður í garð þeirra sem hafa farið með stjórn mála tengdra Dyrhólaey og segir:

Umhverfisstofnun [hefur] stjórnað öllu í gegnum þessa friðlýsingu á Dyrhólaey og það er, ég tel nú að það sé alveg skólabókardæmi um að það væri betra að láta heimamenn sjá um svæðið heldur en svona stofnun. Því þar hafa verið framin alveg ótal asnastrík í gegnum tíðina. Bæði sóað alveg helling af peningi í vitleysu og staðurinn, já ég bara segi það fullum fetum að ef að þessi staður hefði aldrei verið friðlýstur þá væri hann meira aðlaðandi fyrir ferðamenn að koma þangað í dag heldur en hann er núna. Það er bara búið að standa svoleiðis að þessum svokölluðu úrbótum að þær eru bara verri en ekkert.

Æsa tekur í svipaðan streng og segir að flækjustig á svæðinu sé orðið allt of mikið sem valdi því að ekki sé hægt að ráðast í þær framkvæmdir sem hafi þurft að ráðast í.

Það hefur náttúrulega verið stöðugt vesen með Dyrhólaey eftir að hún var friðlýst. Þá eru þetta orðnir svo margir sem koma að, það eru landeigendur, sem eru bæði hreppurinn og einstaklingar og Siglingastofnun með vitann svo er þetta friðlýst þannig það fer undir Umhverfisstofnun sem hefur eiginlega þýtt að það hefur ekki verið gert neitt í 40 ár.

Ársæll telur að umhverfismálin séu ekki vandamál á svæðinu og nefnir Umhverfisstofnun og friðlýsingu á Dyrhólaey sem mesta dragbítinn þegar kemur að verndun náttúru svæðisins.

5.4.2 Öryggismál

Þegar kemur að öryggismálum höfðu flestir viðmælendur mestar áhyggjur af umferðaröryggi á svæðinu. Viðmælendum þykir að þjóðveginum sé ekki nægilega vel haldið við og eru margir þeirrar skoðunar að það þurfi að ráðast í stórtækar framkvæmdir til þess að bæta öryggi í umferðinni. Ekki voru allir á sama máli um hver væri besta lausnin þegar kemur að vegamálum á svæðinu. Eitt helsta deiluefnið meðal Mýrdælinga snýst um jarðgöng í gegnum Reynisfjall. Jarðgöngin myndu beina veginum í gegnum Reynisfjall í staðinn fyrir að keyrt væri yfir fjallið eins og er gert á núverandi vegi. Vegurinn upp á fjallið, sem er yfirleitt kallaður Gatnabrún, er brattur og einnig eru margar beygjur í brekkunni. Þegar komið er upp á fjallið eru einnig veðurskilyrði oft slæm, sérstaklega yfir vetrartímann. Æsa segir að mikið af bílum fjúki útaf þjóðveginum og með svona marga erlenda ferðamenn í umferðinni, sem eru óvanir íslensku veðurfari, sé vegurinn hættulegur. Hún telur þörf fyrir það að skapa umferð um öruggari veg til þess að koma í veg fyrir slys og hún vill einnig fá

Þjóðveginn út úr Þorpinu. Hún segir að hættulegt sé að þjóðvegurinn liggi í gegnum þorpið og að fólk sem hefur ekki erindi til Víkur ætti að geta keyrt beint fram hjá þorpinu. Hún rifjar upp umferðarslys sem átti sér stað haustið 2019 þegar vörubíll með stór rör valt í miðju þorpinu en hún segir það ótrúlega heppni að ekki hafi farið verr og bendir á að mikið af krökkum þurfi að ganga yfir þjóðveginn á leið sinni í skólann.

Steinþór er á öðru máli þegar kemur að jarðgöngum í gegnum Reynisfjall og er hann ekki hrifinn af þeim framkvæmdum, að minnsta kosti ekki eins og stefnt er að því að þau verði. Hann telur framkvæmdina vera arfavitlaus og að hún leiði til umhverfisslyss ef hún verður að veruleika. Honum þykir réttara að huga að því að bæta núverandi veg, til dæmis með því að fjölga akreinum til þess að bæta öryggi. Hann er þó ekki alfarið á móti jarðgöngum og bendir hann á að hægt væri að gera þau á öðrum stað þar sem þau hafa minni áhrif á náttúru svæðisins, til dæmis þar sem núverandi þjóðvegur liggur, þó það fylgi því að þau verði vissulega lengri. Vigdís telur að nýi vegurinn, ef hann verður að veruleika, verði fallegasti vegur á landinu, með útsýni yfir jöklana í kring, Reynisdranga og Dyrhólaey og að vegurinn muni ekki hafa áhrif á vinsæla ferðamannastaði á svæðinu.

Á síðustu árum hefur verið töluvert um slys á ferðamönnum úti í náttúrunni. Því miður hafa þó nokkrir látið lífið til dæmis í Reynisfjöru, en nú síðast létust tveir erlendir ferðamenn á Sólheimasandi fyrir í vetur. Viðmælendum þótti að sjálfsögðu sorglegt mál að fólk væri að láta lífið við að skoða náttúru svæðisins, en töldu þó að öryggismál væri yfir höfuð nokkuð góð. Vegna viðkvæmni þessara mála munu viðmælendur ekki vera nafngreindir en einn þeirra sagði að það hafa orðið hörmuleg slys á svæðinu eins og til dæmis í Reynisfjöru um árið og á Sólheimasandi nú fyrir í vetur og að það væri auðvitað ákaflega leiðinlegt þegar svoleiðis kæmi fyrir. Hann nefnir Reynisfjöru sem dæmi og segir að þar sé mikið af viðvörðunarskiltum og í raun ekki hægt að fara niður í fjöruna án þess að taka eftir þeim. Þrátt fyrir það virðir fólk ekki aðvaranir og virðist vera sama um þær og hugsa eingöngu um að ná góðri sjálfu. Annar viðmælandi tók í sama streng og taldi að ferðamönnum væri alveg sama um hættuna. Hann taldi að það þyrfti jafnvel að vera með öryggisvörð í fjörunni þegar öldugangur er mikill en sagði þó að fjaran væri stór og erfitt gæti reynst að fylgjast með öllu svæðinu. Hann talaði jafnframt um slysið sem varð á Sólheimasandi þegar tveir ferðamenn urðu úti og taldi að yfirvöld hefðu ekki gert nógu vel í að fylgjast með hvað væri í gangi innan þess svæðis sem hafði verið lokað vegna veðurs.

5.5 Samfélagið

Mikil breyting hefur orðið á íbúasamsetningu sveitarfélagsins og nú er næstum helmingur íbúa þess erlendir ríkisborgarar. Þórir segir að heimamenn í Vík taki vel eftir breytingunum og nefnir sem dæmi að það heyri til undantekninga að hitta einhvern sem talar íslensku þegar hann fer í matvöruverslunina eða inn á veitingastaði í bænum.

Enginn af viðmælendum voru neikvæðir gagnvart þeirri þróun sem hefur orðið á íbúasamsetningunni í Vík og fagna þeir auknu mannlífi á svæðinu. Æsa segir að þetta sé mikið af góðu fólki sem hefur komið á svæðið. Hún segir að það geti verið erfitt að átta sig á því hvort einstaklingur sé ferðamaður eða nýr íbúi sveitarfélagsins og hún átti sig yfirleitt ekki á því fyrir en að hún sé byrjuð að sjá sama andlitið aftur og aftur. Hún segir jafnframt

að erlendu íbúarnir séu yfirleitt að reyna að taka þátt í samfélaginu en það væri hægt að gera betur við að kynna þeim hvað er í boði. Þegar útlendingar flytja til plássins vita þeir ekki hvaða félagsstarf er í boði á svæðinu. Æsa nefnir kvenfélagið sem dæmi um góða leið til þess að komast inn í samfélagið og kynnast heimamönnum, en að flestir viti ekki af því.

Þórir segir að það sé misjafnt hversu mikið erlendu íbúarnir leggi á sig til þess að vera hluti af samfélaginu og læra íslensku. Hann var sjálfur með erlenda ríkisborgara í vinnu á sínum tíma og sagði að það hafi verið mjög misjafnt til dæmis hvort þeir vildu læra íslensku. Það fer líklega eftir því hvort fólkið stefni á að búa hér á landi til lengri tíma eða aðeins í nokkur ár og flytja síðan aftur heim. Þegar viðtölin voru tekin var þorablótið í bænum nýbúið og Þórir sagði að það hafi verið mjög gaman að sjá hversu margir af erlendum íbúum svæðisins komu á það. Einnig voru einhverjir útlendingar í nefndinni fyrir þorablótið og tóku þeir virkan þátt í skipulagningu þess.

Æsa tekur annan viðburð á svæðinu sem dæmi um það hvernig erlenda starfsfólk svæðisins hefur tekið þátt í samfélaginu, en það er bæjarhátíðin Regnboginn – list í fögru umhverfi. Þar er einn af viðburðunum að fólk hittist í íþróttahúsinu og býður gestum upp á mat. Þar er eitt borð frá hverju landi og eru yfir tíu lönd sem taka þátt. Þar myndaðist mjög skemmtileg stemming þegar allir voru að gefa hvorum öðrum að smakka og segja frá því hvað þau væru með. Æsa hafði sjálf mjög gaman af því og sagði að þetta hafi verið góð leið til þess að kynnast þeim erlendu íbúum sem flutt hafa til svæðisins og sömuleiðis fyrir þá til þess að kynnast heimafólki. Einnig nefndi Æsa að samfélagið í sveitarfélaginu sé orðið fjölbreyttara og tók sem dæmi að mörg önnur trúarbrögð en kristnir mótmælendur væru orðin algengar. Sem dæmi um það nefndi hún að byrjað sé að halda kaþólskar messur í Víkurkirkju, sem henni þótti hið besta mál.

Ársæll er einnig jákvæður fyrir þeirri breytingu sem hefur verið á samfélaginu en hann hefur þó áhyggjur af því að það vanti þá kynslóð í samfélagið sem tekur virkan þátt í samfélagsvinnu innan svæðisins. Unga einstaklinga sem eru í til dæmis björgunarsveitinni og fleiri félagsstörfum, þá sem bera uppi „þetta venjulega“. Það á ekki eingöngu við um félagasamtök heldur einnig starfsemi tengda hinu opinbera, t.d. fólk í skólanefnd og sveitarstjórn. Hann segir þó að það fólk sem hefur verið hérna lengst sé byrjað að ganga í þau störf að einhverju leiti en megnið af erlendu íbúunum ætli sér aðeins að búa þarna til styttri tíma og tekur því ekki þátt í því sem þarf að gera innan samfélagsins.

6 Umræður

Í eftirfarandi kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar tengdar við þann fræðilega bakgrunn sem lagt var upp með í byrjun. Það verður gert með því að svara rannsóknarspurningu verkefnisins, en hún var:

- Hvernig upplifa heimamenn í Mýrdalshreppi þá þróun sem hefur verið á ferðamennsku á svæðinu?

Kim (2013) og meðhöfundar hans segja að hægt sé að skipta áhrifum ferðapjónustu á samfélög niður í fjóra flokka en það eru efnahagsleg áhrif, menningarleg áhrif, umhverfisleg áhrif og félagsleg áhrif. Umræðukaflinn verður byggður í kringum þessa skiptingu en byrjar þó á kafla um almennt viðhorf heimamanna til ferðamennsku.

6.1 Viðhorf heimamanna

Andreck o.fl (2005) sögðu að niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á viðhorfum heimamanna gagnvart ferðamennsku leiða það næstum alltaf í ljós að heimamenn hafi jákvætt viðhorf til ferðamennsku og að neikvæðu áhrifin væru sjaldan til vandræða. Niðurstöður þeirra rannsókna ríma við niðurstöður þessa verkefnis, en mikil ánægja var á meðal viðmælenda gagnvart þróun tengdri ferðamennsku á svæðinu. Rannsakendur telja að þessa miklu jákvæðni megi að miklu leyti rekja til bæði þess atvinnuástands og félagslegs ástands sem var í Mýrdalshreppi í kringum aldamótin og gerðu viðmælendur sér fulla grein fyrir því að ef ekki hefði verið fyrir aukningu ferðamanna hefði bæði atvinnulíf og samfélag svæðisins haldið áfram á niðurleið.

Su (2011) segir í rannsókn sinni að mörg svæði í Evrópu sem voru áður fyrir háð landbúnaði hafi átt erfitt uppdráttar með breyttum framleiðslukerfum. Störfum við hefðbundinn landbúnað hafi farið fækkandi og mörg dreifbýli hafi átt erfitt atvinnulega séð og horft til ferðamennsku til þess að fá aukna fjölbreytni í atvinnulíf svæðisins. Sú þróun sem hann lýsir í rannsókn sinni passar mjög vel við þá þróun sem hefur verið á atvinnuháttum í Mýrdalshreppi síðan um og fyrir aldamótin. Samfélagið í Mýrdalshreppi hefur tekið mjög miklum breytingum á síðustu áratugum. Mýrdalshreppur hefur farið úr því að byggjast upp næstum eingöngu á landbúnaði og þjónustu við hann seint á 20. öldinni yfir í að atvinnulíf svæðisins byggist nær eingöngu upp af komu ferðamanna nú í dag. Í millitíðinni voru þó miklir erfiðleikar í atvinnumálum á svæðinu og einkenndist sá tími af miklum brottflutningi ungs fólks.

Með auknum umsvifum ferðapjónustu hefur magn fjármagns á svæðinu aukist umtalsvert, en það hefur að hluta til farið í uppbyggingu bæði þjónustu og innviða. Einnig hefur orðið til mikið magn nýrra starfa á svæðinu, bæði bein störf við þjónustu ferðamanna og einnig óbein störf. Fjórir af sjö viðmælendum í rannsókninni hafa tekjur sínar af ferðamönnum

annaðhvort beint eða óbeint og töldu þau öll að ef atvinnumál á svæðinu hefðu ekki þróast eins og raun ber vitni gætu þau ekki búið þar í dag.

6.2 Félagsleg áhrif

Tosun (2002) segir að félagsleg- og menningarleg áhrif ferðamennsku á samfélög séu flókin og að erfitt geti reynst að mæla þau. Flestir viðmælendur komu inn á þessi áhrif í viðtölunum en þó mismikið. Ef einblínt er á félagslegu áhrifin má áætla út frá gögnum rannsóknarinnar að þau séu að mestu leyti fólgin í breyttri íbúasamsetningu á svæðinu frekar en af ferðamönnum sjálfum.

Með auknum atvinnutækifærum tengdum ferðamennsku á svæðinu hefur framboð á atvinnu aukist hratt og til að þjóna þeirri eftirspurn hefur verið ráðið inn mikið af erlendu vinnuaflí. Þorbjörg Gísladóttir, sveitastjóri Mýrdalshrepp, sagði í viðtali við Vísi að erfitt hafi reynst að fá Íslendinga til þess að flytja til svæðisins og að nú á tímum væri orðið svo að í Vík er alþjóðlegasta samfélag á Íslandi, en rúmlega 40% íbúa eru erlendir verkamenn (Kristján Már Unnarsson, 2019). Athygli vakti hversu jákvæðir heimamenn voru gagnvart því breytta íbúamynstri sem er á svæðinu og töldu flestallir að þetta væri mikið af góðu fólki sem hafi bæst við samfélagið. Þó svo að margir þeirra sem þangað hafa flutt ætli sér eingöngu að vera til styttri tíma og leggi því ekki á sig að hvorki læra íslensku né að vera partur af samfélaginu þá er langt frá því að svo eigi við um alla þá erlendu verkamenn sem flutt hafa til svæðisins. Margir þeirra sem hafa verið þar lengst hafa lært íslensku og ala nú upp fjölskyldur sínar þar ásamt því að taka virkan þátt í samfélaginu, til dæmis með skipulagningu viðburða eins og bæjarhátíðinni Regnboganum eða við skipulagningu þorablótsins svo dæmi séu nefnd. Þó leiddu viðtölin það í ljós að það þyrfti að koma á fót einhverju skipulagi þegar kemur að því að auðvelda því erlenda starfsfólki, sem það kys að vera virkur hluti samfélagsins. Það væri hægt að gera með bæklingi sem myndi kynna erlenda íbúa svæðisins fyrir því félagsstarfi sem stendur því til boða á svæðinu, til dæmis kvenfélaginu og björgunarsveitinni. Það vantar ennþá ungt fólk sem tekur virkan þátt í samfélagsvinnu á svæðinu en það eru sóknarmöguleikar faldir í þeim efnum með því að virkja nýja meðlimi samfélagsins.

6.3 Menningarleg áhrif

Andereck (2005) talaði einnig um að aukning ferðamennsku getur haft þau áhrif á samfélög að siðir og venjur heimamanna taka breytingum ásamt reglulegum þáttum í daglegu lífi þeirra. Það virðist ekki vera raunin hjá þeim viðmælendum sem viðtöl voru tekin við, en enginn þeirra sagði að aukning ferðamanna til svæðisins hafi haft áhrif á sitt daglega líf, nema þó að því leyti að þau hafi atvinnu af þeim ferðamönnum sem þangað koma. Andereck (2005) hélt áfram og sagði að dæmi um neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif væru til dæmis hækkandi glæpatíðni, félagsleg átök á milli hópa, offjölgun fólks og að siðir og hefðir gætu tekið breytingum. Niðurstöður viðtalanna leiddu í ljós að svo virðist ekki hafa verið raunin hjá viðmælendum að fyrrgreindir þættir hafi neikvæð félagsleg áhrif á svæðinu. Viðtölin leiddu í ljós að heimamönnum og aðfluttu vinnuaflí virðist yfirleitt koma

vel saman og að engir áberandi árekstrar hafi orðið á milli þessara hópa á svæðinu. Sharpley (2014) segir að undirstöðuatriði þess að ferðamennska þróist á heilbrigðan hátt sé gott samband á milli ferðamanna, heimamanna, ferðaþjónustufyrirtækja og áfangastaðarins. Það virðist sem þau mál gangi vel á svæðinu, að minnsta kosti út frá sjónarhóli heimamanna, sem rannsóknin lagði áherslu á. Viðmælendur virðast almennt vera sáttir við allt sem tengist ferðaþjónustu á svæðinu og láta smáatriði eins og aukinn ágang ferðamanna eða hækkun verðlags ekki fara mikið í taugarnar á sér.

Menningarlíf bæjarins hefur einnig orðið fjölbreyttara á síðustu árum og má sem dæmi nefna bæjarhátíðina Regnbogann þar sem mikið af aðfluttum íbúum svæðisins tóku þátt í því að kynna og bjóða upp á mat frá sínu heimalandi og skapaðist þar mjög skemmtileg stemming. Einnig er byrjað að halda kaþólskar messur í kirkjunni vegna eftirspurnar frá aðfluttum íbúum og hefur það gengið vel fyrir sig. Sem dæmi um jákvæð áhrif á menningarlíf má nefna að nýlega var komið upp safni sem ber heitið Skaftfellingur þar sem samnefndur eikarbátur er til sýnis og saga sjóferða á svæðinu er rakin. Annað dæmi um jákvæð áhrif tengd menningarlífi og siðum er Wool Gallery en þar er seldur fatnaður úr ull sem á árum áður var einkennandi fyrir íslenska fatagerð.

6.4 Efnahagsleg áhrif

Efnahagslegur ávinningur hlýst oft af ferðaþjónustu, til dæmis með auknum fjárfestingum á svæðinu, auknum atvinnumöguleikum og rekstri arðbærra fyrirtækja. Aukin umsvif geta þó einnig leitt til neikvæðra efnahagslegra áhrifa og er þá aðallega verið að horfa á herra verð á vörum og þjónustu sem gerir það að verkum að dýrara sé að lifa þar (Andereck, 2005). Þrátt fyrir að markmið verkefnisins hafi ekki verið að rannsaka þau efnahagslegu áhrif sem aukning ferðaþjónustu hefur haft í för með sér var þó komið inn á nokkur atriði tengd efnahagslegri þróun í viðtölunum. Mikil uppbygging hefur verið á þjónustu innan svæðisins sem nýtist einnig heimamönnum. Sem dæmi um þá þjónustu er hægt að nefna marga nýja veitingastaði ásamt nýrri og endurbættri matvöruverslun. Viðmælendur tóku eftir því að sú nýja þjónusta sem hefur komið á síðustu árum sé aðallega með hagsmuni ferðamanna í forgrunni en ekki heimamanna og nýta þeir sér því þjónustuna að takmörkuðu leyti, að matvöruversluninni undanskildri. Þau efnahagslegu áhrif sem viðmælendur fundu helst fyrir voru tengd atvinnu þeirra, en margir þeirra höfðu atvinnu af ferðamönnum, ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Einnig hafði hækkun íbúðarverðs talsverð áhrif og voru þau bæði jákvæð og neikvæð. En mikil aukning íbúa í sveitarfélaginu hefur haft það í för með sér að verð á íbúðum hefur hækkað mikið á síðustu árum. Flestir viðmælendur áttu húsnæði á svæðinu og hefur því verðmæti eigna þeirra aukist til muna, en samhliða því hafa fasteignagjöld hækkað. Aukin eftirspurn eftir húsnæði hefur gert það að verkum að auðveldara er fyrir heimamenn að selja eignir sínar á raunhæfu verði ef þeir svo kjósa. Hér áður fyrr reyndist mjög erfitt að selja húsnæði á svæðinu og voru dæmi um það að einstaklingar festust á svæðinu sem vildu flytja í burtu vegna þess að þeir gátu ekki selt fasteignir sínar.

Sharpley (2014) segir að oft sé munur á viðhorfi heimamanna eftir því hvort einstaklingar hagnist beint af ferðamennsku eða ekki. Það virðist ekki vera raunin í tilfalli Mýrdalshrepps en þeir viðmælendur sem ekki voru tengdir ferðaþjónustu á neinn hátt virtust vera jafn

ánægðir með þróunina og þeir viðmælendur sem hlutu atvinnu af ferðamennsku. Það er líklega vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem ferðamennskan hefur haft á samfélagið og virtust allir viðmælendur gera sér grein fyrir mikilvægi atvinnugreinarinnar bæði fyrir atvinnulíf svæðisins og samfélag þess.

6.5 Umhverfisleg áhrif

Tosun (2002) segir að umhverfisáhrif tengd ferðamennsku hafi oftast á sér neikvæðan stimpil og talar hann um að afleiðingar af auknum fjölda ferðamanna geta haft mjög slæm áhrif á umhverfi staða. Hugmyndir hans um neikvæð áhrif ferðamennsku á umhverfi áfangastaða virðast ekki hafa endurspeglast í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Heimamenn töldu að sú mikla aukning sem hefur verið á komu ferðamanna og þar af leiðandi aukinn ágangur á náttúru svæðisins væri ekki til vandræða. Viðmælendur voru almennt með jákvætt viðhorf til náttúru svæðisins. Þeir töldu að hún gæti tekið við mun hærri fjölda ferðamanna áður en að hún næði þolmörkum sínum og að það færi að sjást á náttúrunni að einhverju leyti. Þær skoðanir viðmælenda má rekja til þess að náttúra svæðisins er þannig að ekki sé mikið til að skemma á vinsælustu viðkomustöðunum. Aðalaðdráttarafli svæðisins er Reynisfjara og einkennist landslag hennar af svörtum sandi þar sem lítill gróður er fyrir hendi og er svæðið því vel í stakk búið til að taka við auknum ágangi. Einnig eru jöklaferðir á svæðinu vinsælar en algengast er að farið sé upp á Sólheimajökul eða Kötlujökul. Þar einkennist landslagið af jökulís og aftur er lítill gróður á svæðinu. Undantekningin virðist vera Dyrhólaey en þar er bæði mikið gróður- og fuglalíf, sérstaklega á sumrin. Hún hefur verið friðlýst síðan árið 1978 en heimamenn eru yfirleitt mjög ósáttir með hvernig málum hefur verið háttað eftir að svæðið var friðlýst og lýstu allir viðmælendur yfir óánægju sinni af þeim aðgerðum sem þar hafa átt sér stað síðan svæðið var friðlýst.

7 Lokaorð

Í þessari rannsókn hefur verið leitast eftir að kanna viðhorf heimamanna í Mýrdalshreppi á þeim aukna fjölda ferðamanna sem hefur leitað á svæðið á undanförunum árum. Eftir að hafa verið landbúnaðarsamfélag lengst af reiðir samfélagið í Vík og nágrenni sig nú að langmestu leyti á ferðamennsku. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að áhrifa ferðamennsku gætir hjá öllum viðmælendum sem talað var við og má gera ráð fyrir að svo sé með alla íbúa svæðisins.

Við leit að viðmælendum fyrir þessa rannsókn var lagt upp með að þeir væru búnir að búa í Mýrdalshreppi að minnsta kosti síðastliðin tíu ár en ekki skipti máli hvort einstaklingurinn ynni við ferðaþjónustu eða ekki. Tekið skal fram að aðeins voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga sem búa á svæðinu og hafa niðurstöður rannsóknarinnar því þær takmarkanir að einskorðast við upplifanir þessara sjö aðila. Þannig er ekki hægt að færa niðurstöðurnar á samfélagið í heild sinni enda upplifanir fólks misjafnar. Þrátt fyrir það voru allir viðmælendurnir sammála um að aukinn fjöldi ferðamanna og aukin ferðaþjónusta hefði haft jákvæð áhrif á hreppinn.

Niðurstöður rannsóknarinnar geta haft notagildi fyrir sveitarstjórn Mýrdalshrepps og ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu því þegar samfélag breytist jafn mikið og hratt og Mýrdalshreppur hefur gert síðastliðin ár er mikilvægt að vera meðvitaður um upplifun heimamanna. Ferðamennska getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á heimamenn líkt og niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu.

Ferðamönnum hefur fjölgað mikið á Íslandi síðustu ár og þá sérstaklega á Suðurlandi. Mikilvægt er að kanna hvaða áhrif þetta hefur á heimamenn, þá sérstaklega í litlum samfélögum þar sem ferðaþjónustan nánast tekur yfir líkt og hefur gerst í Vík í Mýrdal. Áhugavert væri að gera frekari rannsóknir tengdar þessu viðfangsefni sem næðu yfir samfélagið í heild; heimamenn, aðflutta sem hafa komið þangað í leit að vinnu og ferðamennina sjálfa.

Heimsfaraldur Covid-19 veirunnar hefur haft mikil áhrif á ferðamennsku um allan heim og er Mýrdalshreppur þar ekki undanskildur. Á síðustu árum hefur vægi ferðaþjónustu á efnahag svæðisins margfaldast og má áætla að faraldur sem þessi hafi slæmar afleiðingar í för með sér fyrir bæði atvinnulíf og samfélag á svæðinu. Áhrifin eru ekki komin fyllilega í ljós og áhugavert verður að fylgjast með áframhaldandi þróun ferðamennsku á svæðinu og hvernig tekst til að takast á við þær afleiðingar.

Heimildir

- Andereck, K. L., Valentine, K. M., Knopf, R. C. & Vogt, C., A. (2005). Residents' perceptions of community tourism impacts. *Annals of Tourism Research*, 32(4), 1056-1076. doi:10.1016/j.annals.2005.03.001
- Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir. (2019). *Víkin mín: Áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á staðarkennd heimamanna*. (óútgefin BS ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Bryman, A. (2012). *Social Research Methods* (4. útg.). Oxford: Oxford University Press.
- Butler, R. W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: implications for management of resources. *The Canadian Geographer/Le Géographe canadien*, 24(1), 5-12.
- Byggðastofnun. (1990). *Mýrdalshreppur. Atvinnulíf og byggðapróun*. Mýrdalshreppur: Byggðastofnun
- Doxey, G. V. (1975). A causation theory of visitor-resident irritants: Methodology and research inferences. Í *Sixth annual conference proceedings of the Travel Research Association* (bls. 195-198). San Diego: Travel Research Association.
- Mælaborð ferðaþjónustunnar (á.á). *Fjöldi ferðamanna á áfangastöðum*. Sótt 27.apríl af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/fjoldi-ferdamanna-a-afangastodum>
- Hagstofa Íslands. (2020a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2020. Sótt 3.maí af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2__byggdir__sveitarfelog/MAN02005.px
- Hagstofa Íslands. (2020b). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2012*. Sótt 6.maí af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2__byggdir__sveitarfelog/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7eeab7e1-d3de-4880-8e2b-8da926492746
- Jurowski, C., Uysal, M. & Williams, D. R. (1997). A Theoretical Analysis of Host Community Resident Reactions to Tourism. *Journal of Travel Research*, 36(2), 3-11. <https://doi.org/10.1177/004728759703600202>
- Kim, K., Uysal, M. & Sirgy, J. (2013). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents? *Tourism Management*, 36(1), 527-540. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2012.09.005>
- Kristján Már Unnarsson. (2019, 18. nóvember). *Alþjóðlegasta samfélag á landinu er í Vík í Mýrdal*. Sótt 4.mars 2020 af <https://www.visir.is/g/2019191118753>

- Mýrdalshreppur. (2009). *Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025*. Sótt af https://www.vik.is/Stjornsysla/09-Skipulags-byggingarmal/Adalskipulag/2009-2025/OLD/Greinargerd_Myrdalshreppur_090609.pdf
- Mýrdalshreppur. (á.á.a). Saga Mýrdælinga. Sótt 3. mars 2020 af <https://www.vik.is/is/index.php?pid=332>
- Mýrdalshreppur. (á.á.b). Um sveitarfélagið. Sótt 7.mars 2020 af <https://www.vik.is/is/index.php?pid=264&template=print.php>
- Oddný Þóra Óladóttir. (2019). *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2018: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf* (FMS 2019-13). Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49.
- Sharpley, R. (2001). Sustainable rural tourism development: Ideal or idyll. Í L. Roberts & D. Hall. *Rural Tourism and Recreation: principles to practice*. (bls 57-58). Wallingford: CABI Publishing
- Su, B. (2011). Rural tourism in China. *Tourism Management*, 32(6), 1438-1441. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2010.12.005>
- Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: a comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*, 29(1), 231-253.
- Uysal, M., Sirgy, M. J., Woo, E. & Kim, H. L. (2016). Quality of life (QOL) and well being research in tourism. *Tourism management*, 53(1), 244-261. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2015.07.013>
- Wilson, S., Fesenmaier, D.R., Fesenmaier, J. & Van Es, J.C. (2001). Factors for success in rural tourism development. *Journal of Travel Research* 40(2), 132–138. Doi: <https://doi.org/10.1177/004728750104000203>
- WTO. (2004). *Indicators of Sustainable Development for Tourism Destination: A Guidebook*. Madrid: World Tourism Organization.
- Þorvarður Árnason & Arndís Lára Kolbúnardóttir. (2019). *Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“*. Sótt 10.febrúar af https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2019/06/SASS_NyrVeruleiki_Lokaskýrsla.pdf

Viðauki A

Viðtalsrammi:

- Almennt viðhorf til ferðamennsku
- Áhrif aukinnar ferðamennsku á daglegt líf
- Jákvæðir og neikvæðir þættir við þróun ferðamennsku á svæðinu
- Efnahagsleg áhrif
- Atvinnuþróun/tækifæri
- Áhrif á umhverfi og náttúru
- Aðgengi, gæði og verð þjónustu
- Fólksfjölgun/íbúasamsetning (samfélagsleg þróun)